

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir vatnsgjald, notkunargjald og heimæðargjald hjá Vatnsveitu Garðabæjar nr. 1221/2018.

1. gr.

Önnur grein gjaldskrárinnar er varðar stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera svohljóðandi:

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,074% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001.

3. gr.

Breytingin á gjaldskránni var samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar 7. desember 2023 samkvæmt 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 til að öðlast gildi við álagningu gjalda árið 2024.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 7. desember 2023.

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari.

B-deild – Útgáfudagur: 28. desember 2023